



**Skógræktin**  
**Miðvangur 2-4**  
**700 Egillstaðir**  
**skogur@skogur.is**

18. júní 2021

### **Umsögn við drög að Landsáætlun í skógrækt 2021-2031**

Ungir umhverfissinnar vilja benda á nokkur atriði sem okkur finnst þurfa að breyta í þessum drögum að landsáætlun í skógrækt. Til dæmis þarf að auka áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika og hafa það að leiðarljósi þegar rætt er um loftslagsaðgerðir tengdar skógrækt. Einnig viljum við að meiri áhersla sé lögð á samvinnu og samráð milli stofnana og annarra hagaðila til að tryggja vísindaleg rök sem liggja á bak við starfsemi í skógrækt og landvernd, og til að ná sem mestri sátt milli hagaðila.

#### **Líffræðileg fjölbreytni og ágengar tegundir**

Ræktun skóga hér á landi, sér í lagi með innfluttum tegundum, má ekki vera stunduð með þeim rökum að verið sé að sporna gegn loftslagsbreytingum. Þó svo að skógar og tré bindi mikinn kolefnisforða tekur langan tíma að fá þessa bindingu fram og mun lengri en með endurheimt vistkerfa líkt og votlendis. Þar að auki er ekki allt land vel til þess fallið að bera uppi skógrækt, hvort sem um er að ræða náttúrulegar ástæður eða ekki, og ætti því megináherslan ekki að vera á aukningu skóga heldur endurheimt vistkerfa yfir höfuð en innan endurheimtar vistkerfa fellur ræktun náttúruskóga.

Aukin umsvif í skógrækt og sér í lagi með innfluttum tegundum hafa óneitanlega verið stór þáttur í því að fleiri tegundir hafa numið hér land og má þar m.a. nefna glókoll en hans aðalfæða eru skordýr líkt og sitkalús [\[1\]](#). Nýjar tegundir auðga flóru og fínu landsins en ekki má gleyma því að á Íslandi verpir stór hluti úr heimsstofni margra fuglategunda, einkum í mó- og votlendi, en íslenski stofn flestra þessa nýju tegunda er einungis brotabrot af heimsstofni þeirra. Það er því mikilvægt að standa vörð um búsvæði þessa tegunda og fara ekki offorsi í ræktun skóga um allt land. Með þessu verndum við líffræðilegan fjölbreytileika, ekki bara hér á landi heldur á heimsmælikvarða.

Líffræðilegur fjölbreytileiki fæst ekki með því að auka við þær tegundir sem gróðursettar eru. Það er mikilvægt að huga að því að gróðurlendi verði ekki einsleitt og þá sér í lagi ekki skógar þar sem þetta skerðir frumgetu vistkerfa og þar með þá þjónustu sem þau geta veitt. Líffræðilegur fjölbreytileiki endurspeglar heilbrigði vistkerfa en ekki eingöngu þær háplöntur sem finnast á ákveðnum bletti. Í ljósi þess ætti markmið áætlunarinnar um að vernda líffræðilegan fjölbreytileika að vera skýrara þar sem fram kemur hvernig þessu verður framfylgt og hvar áherslurnar liggja. Að sama skapi þyrfti að koma fram hvaða tegundir verða notaðar og hvar en hér þarf samráð að vera til staðar þar sem ólíkra hagsmuna er að gæta. Einnig ætti vísindalegur grundvöllur allra ákvarðana að vera ljós áður en ráðist er í aðgerðir.

Skógræktaráætlun tekur fram að ekki verði notaðar ágengar tegundir í ræktun. Viljum við benda á það að þrátt fyrir að hérlendis sé stafafura og sitkagreni ekki taldar ágengar tegundir eru þær umdeildar erlendis vegna ágengra eiginleika [2]. Leggjum við til að dregið verði verulega úr notkun þessa tegunda í skógrækt hérlendis til að koma í veg fyrir að innlend flóra bíði skaða af. Ef nauðsynlegt reynist að nota þessar tegundir til nytja ætti eingöngu að gróðursetja þær í þar til gerðum skógum.

### **Nytjaskógrækt**

Útlista þarf hversu stórt landsvæði á að fara undir nytjaskóga. Þó vissulega sé framleidd vara úr nytjaskógunum sem annars væri líklega flutt inn með tilheyrandi kolefnisútblæstri, þarf á sama tíma að varast að setja nytjaskóga í samband við kolefnisbindingu því hluti þeirra afurða sem koma úr skógunum eru t.d. eldiviður og spænicir til uppkveikju. Því er æskilegt að línurnar séu lagðar fyrirfram hvernig skal nýta það sem fellur til eins vel og hægt er og á umhverfisvænan hátt. Nýting efnisins til umhverfisvænnar nýsköpunar af ýmsu tagi getur verið álitlegur kostur í þessu samhengi. Að þessu sögðu er lítið sem ekkert til af rannsóknum um efnahagslegan ábata nytjaskógræktar hér á landi og á þeim grundvelli má spyrja sig um heildarávinning hennar umfram annarrar skógræktar í stóra samhenginu. Með það í huga þarf að skilgreina nánar þær skógræktir sem fyrirhugaðar eru aðrar en nytjaskógrækt.

### **Loftslagsmál og skógrækt**

Markmið 2.1 stefnir á að binda 500.000 tonn CO<sub>2</sub> fyrir árið 2040 en það eru engin rök færð fyrir af hverju þessi tala var valin. Er hún í samræmi við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutleysi og aukna bindingu? Einnig þarf að taka fram í þessu markmiði að binding kolefnis með skógrækt þarf að vera gerð með líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi. Skógrækt til kolefnisbindingar má ekki vera stunduð á kostnað líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa, því það er heildarmyndin sem skiptir máli. Taflan á bls. 15 sýnir fjóra möguleika á því hvernig hægt er að ná markmiði 2.1 og stendur undir töflunni að gert sé ráð fyrir fjórða valmöguleikum, en aftur eru ekki færð rök fyrir þessu vali. Er búið að skoða hugsanleg neikvæð áhrif gróðursetninga annarra trjátegunda en birkis á stórum landsvæðum? Þó að skógrækt sé mikilvæg í baráttunni gegn loftslagsvánni þarf að hugsa hana sem einungis hluti af stærri heildarlausn sem er gerð af mörgum lausnum sem spila saman og þarf þessu samspili að vera hagað á sem gagn- og hagkvæmastan hátt og mögulegt er.

Á bls. 16 er rætt um að stefnt sé að samstarfi við Landgræðsluna, sveitarfélög og fleiri aðila. Slíkt samstarf er lykilatriði í því að ná góðum árangri í endurheimt vistkerfa og loftslagsmálum á Íslandi. Við teljum að það þurfi að leggja enn meiri áherslu á samvinnu og samráð, sérstaklega þegar kemur að því að velja hvaða landsvæði verða nýtt til nýrrar skógræktar. Fyrst þarf þó að skilgreina hvernig skóga er átt við í þessari áætlun þar sem þeir geta verið af mörgum gerðum hvað varðar nýtingu, útivist, þéttleika, o.s.frv.

Einnig er vert að benda á aukna hættu á sinueldum hér á landi eins og sést hefur undanfarið. Aukin hætta á sinueldum, er ein af þeim fjölmörgu ógnum af völdum loftslagsbreytinga sem nauðsynlegt að að stemma stigu við með mótvægis- og aðlögunaraðgerðum til að koma í veg fyrir skaða á núverandi skóglendi.

## Útsýni og ímynd lands

Horfa þarf til þess hvaða langtímaáhrif aukin skógrækt getur haft á ásýnd landsins og þ.a.l. ímynd landsins, en óhætt er að segja að Ísland sé þekkt fyrir mikla víðáttu og náttúrufegurð. Skógar breyta skynjun fólks á landslagi, heimamanna sem og ferðamanna, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt eftir því hvert litið er til. Þess vegna þarf að liggja sem beinast fyrir hvernig skógræktinni skal háttáð til langtíma litið og hvernig hún mun koma til með að lita út með tilliti til trjátegunda, útbreiðslu, stærð og uppsetningu skóga, áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni og þá á vistkerfi o.fl. Í þeirri vinnu þarf m.a. að taka mið af skynjun fólks út frá rannsóknum hérlendis sem og erlendis svo sem best fari til langs tíma.

Hvað varðar rannsóknir þessu tengdu, sem geta varpað ákveðnu ljósi á þetta mál, viljum við bendum á umfjöllun Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Rannveigu Ólafsdóttur í Náttúrufræðingnum (90 (2-3), bls. 202-208, 2020) sem snýr að sýn fólks á víðáttu. Og samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í Sviss [3] kusu þátttakendur hennar (heimamenn og ferðamenn) helst landslag sem er að hluta til ræktað af skógi með miklum fjölbreytileika. Þátttakendur voru einnig á því að skógar þar sem bar einnig á landbúnaðarlandi auki sjónræn gæði svæðisins sem um var að ræða. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu enn frekar til kynna að gott sé að koma í veg fyrir stóra og einsleita skóga.

Við viljum nefna að stór tré skyggja á birkitré og aðrar plöntutegundir. Einnig bendum við á að breytt ásýnd lands getur haft áhrif á ýmsa hagsmunaaðila í formi annars en skynjunar og því samráð á milli sem flestra hagsmunaaðila æskileg. Við teljum að hægt sé að berjast á áhrifaríkan hátt við loftslagsvandann m.a. í formi skógræktar á sama tíma og ýmis sjónarmið eru samþætt, t.a.m. þau sem snúa að ásýnd lands en þar undir liggja miklir hagsmunir sem eru e.t.v. ekki augljósir.

## Samstarf

Ungum umhverfissinum finnst að í áætluninni sé of einhliða áhersla á loftslagsvinkil skógræktar, á kostnað annarra, og jafn mikilvægar hliða á málefnum. Það er tekið fram í áætluninni að hún eigi að samræmast Landgræðsluáætlun, en það er ekki alltaf raunin. Til dæmis leggur Landgræðsluáætlunin minni áherslu á loftslagsmál og meiri á mikilvægi

líffræðilegs fjölbreytileika. Það þarf meira samráð og meira samstarf milli þessa tveggja stofnanna til að mikilvæg störf þeirra spili saman og nýti þannig þau jákvæðu samlegðaráhrif sem nauðsynleg eru til að ná heildrænum árangri í skógrækt.

Yfirmarkmið í náttúruvernd ættu að vera til staðar til að auðvelda samstarf milli stofnana líkt og Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Of mikill glundroði ríkir eins og er í náttúruvernd þar sem ýmsar áætlanir líkt og landgræðslu-, skógræktar- og landbúnaðaráætlun tala lítið saman.

### Annað

Mikilvægt er að geta boðið almenningi upp á útivist í alls konar gróðurlendi. Skógar eru óneitanlega heilsueflandi fyrir almenning þar sem þeir bjóða upp á ýmiss konar afþreyingu en rannsóknir hafa sýnt fram á að heilsa almennings í borgum aukist verulega ef græn svæði eru innan borgarmarka [4]. Að sama skapi eru græn svæði mikilvæg í ýmiss konar mildun á veðri og mengun. Það er því mikilvægt að bjóða upp á útivist og fræðslu í skógum líkt og tekið er fram í landsáætlun í skógrækt. Viljum við þó að fræðsla um skóga snúi ekki eingöngu að þeim trjategundum sem þar finnast heldur vistkerfinu í heild sinni og þeirri þjónustu sem það veitir. Mikilvægt er að almenningur sé upplýstur um náttúru og umhverfi sitt svo að sem flestir geti tekið þátt í verndun íslenskrar náttúru sem okkur er öllum svo annt um.

### Að lokum

Ungir umhverfissinnar vilja minna á mikilvægi þess að líffræðileg fjölbreytni og vistheimt tynist ekki í þeirri ofáherslu sem lögð er á loftslagsmál í þessari landsáætlun í skógrækt. Markmið í skógrækt verða að vera raunhæf og samræmast þeim markmiðum sem sett eru fram í öðrum áætlunum eins og í landgræðsluáætluninni og landbúnaðarstefnunni. Þá viljum við einnig hvetja til þess að tegundir sem skilgreindar eru sem ágengar í nágrenniþjóðum okkar séu sem minnst notaðar til gróðursetninga hér á landi og ekki í því skyni að græða upp land þangað til annað kemur í ljós. Taka þarf tillit til sjónrænna áhrifa sem aukin skógrækt getur haft til langtíma lítið. Að lokum viljum við leggja til að Skógræktin og Landgræðslan hefji frekara samstarf til að leggja grunn að sameiginlegum yfirmarkmiðum í verndun og endurheimt vistkerfa.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

Finnur Ricart Andrason

Sæunn Júlía

Kristófer Orri Guðmundsson

Finnur Ricart Andrason, Loftslagsfulltrúi, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Náttúruverndarfulltrúi, og Kristófer Orri Guðmundsson, Ungur umhverfissinni.